

76 STADFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Elínar
30. sept. Guðmundsdóttur húsfreyju á Brúnastöðum, útgefin á venjulegan hátt að
mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 30. september 1925. Skipulagsskrá-
in er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

styrktarsjóð Elínar Guðmundsdóttur húsfreyju á Brúnastöðum.

1. gr.

Sjóðurinn er gefinn af Elínu Guðmundsdóttur húsfreyju á Brúnastöð-
um í Skagafirði, konu Jóhanns P. Pjeturssonar dannebrogsmanns og riddara
af fálnaorðunni. Sjóðurinn er að upphæð 4000 — fjögur þúsund — krónur.

2. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast á tryggan hátt. Höfuðstólinn má aldrei skerða.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátæka sjúklinga, sem heimili eiga í
Lýtingsstaðahreppi, til þess að leita sjer heilsubótar á sjúkrahúsi Sauðárkróks,
eða öðrum stöðum samkvæmt tillögum hjeraðslæknisins í læknisumdæmi því, er
Lýtingsstaðahreppur tilheyrir. Jafnan skulu þeir sitja í fyrirrúmi um styrk-
veitingu, sem ekki hafa notið sveitarstyrks.

$\frac{3}{4}$ — þrem fjórðu — hlutum af árlegum vöxtum sjóðsins skal jafnan
úthlutað í þessu augnamiði, en $\frac{1}{4}$ — fjórði hluti — vaxtanna leggist við höf-
uðstólinn þar til sjóðurinn er orðinn svo mikill, að ársvextir hans nægi til
líknar öllum sjúklingum Lýtingsstaðahrepps.

4. gr.

Nú skyldi eitthvert ár enginn styrkþurfi vera í hreppnum. Leggjast
þá allir vextirnir við höfuðstólinn, en verja má þó jafnmikilli upphæð og
hellingi þeirra nemur til styrkveitinga næsta ár, umfram þann hluta af vöxt-
um þess árs, sem ætlaður er til styrkveitinga.

5. gr.

Ef Lýtingsstaðahreppur skiftist, skal sjóður þessi tilheyra útpartinum
af núverandi hreppsvæði.

6. gr.

Málefnum sjóðsins skal stjórnad af hreppstjóra Lýtingsstaðahrepps. Hreppsnefnd skal kjósa 2 menn til þess að endurskoða ársreikninga hans. Aðalumsjón með stjórn sjóðsins hefir hjeraðslæknirinn í læknisumdæmi því, er Lýtingsstaðahreppur tilheyrir. Sker hann úr öllum ágreiningi er upp kann að koma útaf úthlutun styrks eða athugasemdum endurskoðenda. Kostnað við stjórn og reikningshald sjóðsins má taka af vöxtum hans.

76

30. sept.

7. gr.

Stjórnandi sjóðsins hefir á hendi alla framkvæmd styrkveitinga, og reikningshald sjóðsins, skal hann hafa bók, löggilta af sýslumanni, og innfæra í hana skipulagsskrá þessa, svo og styrkveitingar allar og reikninga, styrkbeiðnir og öll brjef er snerta rekstur sjóðsins.

Skal hjeraðslæknir árlega skoða bókfærslu og reikningshald og rita inn í bókina vottorð um samþykki sitt eða úrskurð á reikninga, ef þörf gerist.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksár.

9. gr

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Brúnastöðum í Lýtingsstaðahreppi, 26. febr. 1924.

Elín Guðmundsdóttir
handsalað.

Vitundarvottar:

Sigurður Þórðarson.
Jón Kristjánsson.

Við undirritaðir, Jónas Kristjánsson hjeraðslæknir á Sauðárkróki og Sigurður Þórðarson hreppstjóri á Nautabúi í Lýtingsstaðahreppi, lýsum því hjermeð yfir, að við munum takast á hendur störf þau, sem framanrituð skipulagsskrá leggur okkur á herðar.

Þessu til staðfestu nöfn okkar.

Sauðárkróki, 7. des. 1924.

Sigurður Þórðarson.
Jónas Kristjánsson.